

## Fundur í skólaráði Glerárskóla mánudaginn 11. október kl.15.

Mætt: Sveinbjörg Smáradóttir og Margrét Lilja Þorkelsdóttir foreldrar, Einar Gauti Helgason hverfisnefnd, Þorbjörg Otta Jónasdóttir og Sveinn Leó Bogason f.h. kennara. Kristjana Kristjánsdóttir f.h. starfsfólks. Freyja Dögg Ágústadóttir nemandi, Eyrún Skúladóttir skólastjóri og Helga Halldórsdóttir deildarstjóri sem ritar fundargerð.

1. Farið var yfir reglugerð um skólaráð þar sem allir eru nýir í ráðinu nema stjórnendur og Einar Gauti. Rætt um skipun í ráðið og hlutverk, stefnumörkun og verkefni. Ekki er talað um málefni einstakra nemenda, starfsmanna eða foreldra. Eyrún bendir á að hægt er að kalla saman fund ef einhver er með málefni sem viðkomandi vill ræða. Þarf bara að hafa samband við ES.
2. Rætt um fundartíma. Næsti fundur 8. nóv. kl. 15. og síðan þann 6. desember kl.15. Eyrún benti á að gott væri að staðfesta fund þegar fundarboð hefur borist. Fundum lýkur kl.16.
3. Skóladagatal  
ES renndi yfir skóladagatalið og sagði frá því uppbroti sem er framundan. Haustfrí, skipulagsdagur og viðtalsdagur. Þann dag selja 10. bekkingar peysur og sundpoka. Sveinn sagði stuttlega frá skipulagi þemadaga sem verða í nóvember en þemað er Harry Potter. Þemadagar eru skertir dagar og skólahald því frá 8-13:15. Nýtt ár hefst með skipulagsdegi og síðar janúar koma viðtalsdagar. Á þemadögum í febrúar verður farið í umhverfisverkefni í tengslum við Erasmus+. Þá kemur vetrarfrí og upp úr því samræmd próf í 9. bekk í mars. Væntanlega verða líka próf í 4. og 7. bekk. Útivistardagur í mars. Síðasta vikan fyrir páska verður undirlögð af árshátíðarundirbúningi, sýningum og dansleik. Eftir páska koma fjórar heilar vikur og síðan koma skipulagsdagur, uppbrot og skólaslit 2. júní 2022.  
Margrét spyr í tengslum við skóladagatal hvort ekki sé hægt að samræma skipulagsdaga leik- og grunnskóla betur. Eyrún segir að það sé reynt en gangi ekki alltaf. Skóladagatöl fari á milli skóla.  
Æskilegt að þetta sé samræmt þar sem þetta er álags faktor fyrir margar fjölskyldur að mati Sigurbjargar. Margir dagar sem eru undir vegna skipulagsdaga og annarra frídaga í skólunum.
4. Staðan í dag  
Núna eru margir nemendur í leyfi. Fólk heldur börnum heima vegna Covid og jafnframt vegna skipulagðra utanlandsferða í t.d. haustfrí. Foreldrar vilja ekki að börnin smitist fyrir frí.
5. Framkvæmdir við skólann  
Margar af framkvæmdum við skólann ganga hægt. Aðeins hefur verið tekið til á skólalóð og eitthvað byrjað á körfuboltavellinum. Það vantar lýsingu á alla ljósastaura í kringum skólann. Hægt hefur gengið með Höfðahlíðina, en þar hafa orðið miklar umferðastíflur í kringum skóla/leikskóla/sund. Þegar Höfðahlíð opnar ofan frá verður henni lokað tímabundið við Árholt.  
ES vonast til að bráðlega verði farið í það að hanna nýjar A og C álmur, auk þess sem taka þarf skólalóðina í gegn. Breytingar eru á dagskrá 2023. Rætt um mygluskemmdir. Engar mygluskemmdir hafa komið í ljós í skólanum við endurnýjun álma. Spurt hvort reglulega sé mælt en svo er ekki þó loftgæði hafi verið mæld hér.
6. Áherslur skólans.  
ES fór yfir áherslur skólans. Olweusarskóli, Jákvæður agi og Hugur, Hönd og Heilbrigði sem eru einkunnarorð skólans. Mikil vinna er nú í gangi í innra mati skólans og til þess notað kerfið BravoLesson sem er nýtt matskerfi sem auðveldar alla vinnu við umbótaáætlun skólans.  
Margrét spyr um foreldranámskeið í JA. ES segir það vera á dagskrá fljótlega en búið

er að fá aðila til að halda námskeið fyrir nýja starfsmenn. Þarf að skoða námskeið fyrir foreldra fyrstu bekkinga.

7. Aðeins rætt um Rósaballið í unglingadeild. Gömul og góð hefð, en ballinu frestað um óákveðin tíma.
8. Í tengslum við ástandið í skólanum vegna Covid var spurt hvort Akureyrarbær hafi einhverja aðila sem geta hlaupið í skarðið, sinnt forföllum. Svo er ekki. Líka spurt hvort foreldrar geti ekki komið og aðstoðað t.d. í mötuneyti. Mögulega hægt að skoða það.

Fleira ekki rætt og fundi slitið